



Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Hótel Geysi, föstudaginn 16. maí 2025 kl. 12:30.

Setning aðalfundar

Guðmundur Fannar Vigfússon, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og leggur til að Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar yrði fundarstjóri og Árdís Erna Halldórsdóttir fundarritari. Var það samþykkt.

Fundarstjóri opnar fundinn, kynnir fyrirkomulag fundar og kosningar fyrir stjórnarkjör. Þrír frambjóðendur bjóða sig fram til stjórnarsetu í Markaðsstofu Suðurlands; Guðmundur Fannar Vigfússon, Jelena Ohm og Sveinn Hreiðar Jensson. Frambjóðendur héldu stutta kynningu um sig fyrir fundargesti.

Yfirlit ársins 2024 og áherslur 2025

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands (MSS), fór yfir það helsta í starfsemi MSS. Kom fram í máli hennar að MSS sé einskonar brúarsmiður á milli ólíkra hagaðila í ferðaþjónustu fyrir Suðurland. Fór hún yfir stoðkerfi ferðaþjónustunnar, helstu verkefni liðins árs og hvað væri framundan. Kynnti hún vefinn www.south.is fyrir fundargestum, en hann er hjarta starfsemi markaðsstofunnar. Kom fram í tölfraði um vefinn að það eru að meðaltali um 616 nýir notendur daglega, innlit eru á pari við árið 2023 en flettingar hafa aukist að meðaltali um 7.5% á milli ára. Tölfraðin fyrir samfélagsmiðlana var ekki samanburðarhæf við fyrri ár þar sem aðferðafræðin varðandi gögnin hefur breyst.

Kynnti hún myndabanka markaðsstofunnar, Brandcenter, fyrir fundargestum. Er hann mjög gagnlegur við alla starfsemi MSS og hvetur hún einnig samstarfsaðila til að hagnýta sér hann. Fór hún yfir þær sýningar og vinnustofur sem MSS sótti á árinu, sem og aðrar ferðir sem ætlaðar voru til að styrkja fagmennsku og tengslanet stofunnar. Markaðsstofan tók þátt í að skipuleggja ferðir og taka á móti fjölda blaðamanna og áhrifavalda í samstarfi við Íslandsstofu og samstarfsfyrirtæki og hefur það samstarf gengið mjög vel.

Markaðsstofan starfar sem áfangastaðastofa og er nú hafin vinna að setja áfangastaðaaætlan Suðurlands upp á lifandi hátt á vefnum. Mun það bæði einfalda alla vinnu og uppfærslu við áætlunina, auk þess sem það er aðgengilegra að leita gagna í henni. Í framhaldi af því fór hún yfir *Handbók um uppbyggingu áfangastaða* sem er sérstaklega ætluð sem leiðbeiningarrit fyrir

sveitarfélög og hlutverk þeirra við uppbyggingu í ferðaþjónustu. Farið var yfir þau markaðsverkefni sem hafa spunnist vegna Eldfjallaleiðarinnar, en ferðaleiðin hefur vakið mikla athygli erlendis og fengið töluverða umfjöllun hjá áhrifavöldum og blaðamönnum. Áfram hefur verið haldið með verkefni *Sóknaráætlunar Suðurlands* um mat og menningu, en þar hefur m.a. verið boðið upp á námskeið í storytelling, lögð áhersla á umfjöllun um mat og menningu á samfélagsmiðlum og í bloggum. Kynnti hún nýjasta „starfsmann“ markaðsstofunnar til sögunnar, en það er hún Sunna spjallmenni, en hún er byggð á gervigreind sem leitar eingöngu svara á vefnum south.is. Er vinna við að setja spjallmennið upp að hefjast. Að lokum lagði hún áherslu á hið gamalkunna að samstarf eykur slagkraft og hvetur samstarfsaðila til að segja frá skemmtilegum þáttum úr starfseminni sinni, en það er jafnan hið smáa í hinu stóra sem vekur athygli og aðgreinir fyrirtækin og áfangastaðinn frá öðrum.

[Hér má sjá kynningu framkvæmdastjóra](#)

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2023

Guðmundur Fannar Vigfússon, formaður stjórnar, kynnti lykiltölur ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2024. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með rúmlega 5 milljóna króna hagnaði. Almennt er ekki er miðað við að rekstur Markaðsstofunnar skili hagnaði en kemur hann að mestu til vegna breytinga á starsmannamálum og að stofan var undirmönnuð um heilt stöðugildi í ríflega þrjá mánuði á árinu. Einnig ræðst hann af því að verkefnastyrkir sem voru unnir árinu áður voru greiddir út á árinu 2024.

Ein spurning kom fram varðandi ársreikning, var hún hvort öll sveitarfélög á Suðurlandi væru að greiða inn í Markaðsstofu Suðurlands. Kom fram í svari Ragnhildar að tvö sveitarfélög væru ekki með, Vestmannaeyjabær og Sveitarfélagið Ölfus. Vonir standa til að þau sveitarfélög bætist í hópinn fyrr en síðar.

Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2024- 2025

Stofnaðilar skipa sína fjóra fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar en tvö sæti Ferðamálasamtaka Suðurlands er kosið í á aðalfundi. Fyrir aðalfund ársins 2025 bárust þrjú framboð í þau sæti og kynntu frambjóðendur sig stuttlega fyrir aðalfundargestum í upphafi fundar.

Kosningar fóru fram og hlaut Guðmundur Fannar 14 atkvæði, Jelena 13 atkvæði og Sveinn Hreiðar 13 atkvæði. Var Guðmundur því réttkjörinn í stjórn að lokinni fyrstu umferð, en farið var í aðra umferð þar sem kosið var á milli þeirra Jelenu og Sveins Hreiðars. Niðurstöður þeirrar umferðar voru að Sveinn Hreiðar hlaut 13 atkvæði og Jelena átta atkvæði.

Nýja stjórn skipa:

Aníta Jónsdóttir - Visit South Iceland ehf

Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Anton Kári Halldórsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Brynhildur Jónsdóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Guðmundur Fannar Vigfússon - Ferðamálasamtök Suðurlands

Sveinn Hreiðar Jensson - Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn

Árni Eiríksson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Arnar Freyr Ólafsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Katrín Ó. Sigurðardóttir - Visit South Iceland ehf

Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Ársæll Hauksson - Ferðamálasamtök Suðurlands

Jelena Ohm – Ferðamálasamtök Suðurlands

Íris Heiður Jóhannsdóttir og Katrín Björk Eyjólfsdóttir eru að láta af störfum í varastjórn Markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn:

Eydís Þ. Indriðadóttir

Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn:

Valtýr Valtýsson

Pétur Viðar Kristjánsson

Önnur mál

Formaður stjórnar þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 14:15